Kemur út annanhvern Laugardag, ekki minna en sex þóst pappírsarki í senn

Sveitarblaðið.

# Hallfari.

Uppsögn skrifleg bundin við sumarmál. Ógild nema kaupin sé til útgefenda fyrir 25. April næstkomandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Árg. | 3. Hefti | 1. Blað. | No 5. |

Veðramót. 9. Marz 1901.

## Ritnefnd.

Magnús Jónsson

Guðmundur Þorleifsson

Sigurður Björnsson

# Loptbáturinn

Eitt aðalskilyrðið fyrir framförum og velgengni þjóðanna, er það að samgöngurnar séu sem greiðastar og á sem fullkomnasta stigi. — Mennirnir eru ekki skapaðir til að lifa hver útaf fyrir sig, heldur er þeim einmitt ætlað að lifa saman í einu alsherjarfélagi, þar sem einn verði alltaf til að uppfylla þarfir og kröfur annars, þó á þann hátt að honum megi sjálfum að gagni verða. Þannig er einn maðurinn öðrum ómissandi til þess að líf beggja geti orðið sem þægilegast, og þeir geti sem bezt notið gæða þeirra er þeim eru undir hendur lögð hverjum fyrir sig. Í enn stærri stíl kemur þetta fram þar sem um heilar þjóðir er að ræða. Ein þjóð getur illa lifað án annarar, né neitt ríki þó sjálfstætt sé kallað, án annars ríkis. Það sem einkum ber til þessa er það

ad gródi jardarinnar er svo mismunandi og ólíkar á hinum ýmsu stödunum hennar þar ed nú mönnunum er ætlad ad hafa sér lífsuppeldis og velgengni, þad sem þeir med sameiningu sinna andlegu og líkamlegu krapta geta unnid úr því er bædi lád og lögur af sér gefur, þá er hverri þjód svo naudsynlegt ad skipta vid adra þessum ólíku afurdum til þess ad þeir verdi sem margvíslegastir á hverjum stad. En til þess ad allt vidskipta líf manna geti gengid sem greidast, þá þurfa samgöngurnar ad vera sem greidastar.

Þad munu má magir álíta ad eg ætti ad fara ad skrifa langa rit gjörd um <u>samgöngur</u>, en af því verdur nú ekki, og ætl í þetta skipti, en hins vegar vildi eg med línum þessum skýra frá einu samgöngumedali sem nú á sídustu árum hefir verid brúkad, þó enn sé í smáum stýl, enn og hvergi sem hefir enn ekki lifad barnsku ár sín.



En þad er eitt af því sem til heyrir lífsstarfi hinnar nýju aldar ad leida í ljós ávextina af þessari uppgötvun. Þetta nýja samgöngu medal er

„Loptbáturinn".

Allir hafa tekid eptir því ad korktré flýtur í <u>vatni</u> og sömuleidis fleiri léttir hlutir. Orsakast þad af því ad hluturinn er <u>léttari</u> en jafnmikid rúmtak hans af vatni, eda med ödrum ordum: Hluturinn er léttari enn þad vatnsmagn er hann útrýmir. – Hid sama á sér stad med loptid. Sá hlutur sem vegur <u>minna</u> en jafn mikid rúmtak af <u>lopti</u> flýtur í því. Á þessu byggist <u>Loptbáturinn</u>. Adal partar hans eru tveir: <u>Loptbelgurinn</u>, og ~~lopt~~ <u>kugginn</u>. Loptbelgurinn er búinn til úr striga dúk, og dreginn (med) olíu til þess ad gjöra hann lopt heldann; hann er nákvæmlega eggmyndadur og snýr mjórri endi hans nidur því vid þad verdur loptbátur-

um stöðugri. Belgur þessi er fylltur kolagasi (kolavatnsefni) það er lopttegund mjög létt og er samsett úr steinkolum; aðal efni hennar eru kolaefni og vatnsefni, sem eru sameinuð á efnafræðislegann hátt. Eru lopttegundir þessar einkum þeir siðarnefndu mjög ~~léttar~~ mikið léttari en hið vanalega andrúmslopt, því 14 þunga einingar (~~af~~ hreins vatnsefnis þarf til að vega á móti 1 þungaeiningu venjulegs andrúmslopts, hún er því fjórtán sinnum léttari; svo létt verður þó ekki þessi efna blanda loptbátsins, því kolaefnið er nokkuð þyngri. (Þessa efna blöndun megum vér þó ekki álíta þá sömu sem þá er vatn saman stendur af sem er, súrefni og vatnsefni) Á neðri enda loptbelgsins er spelldi sem opna má niður á við. Yfir ~~x~~efri enda loptbelgsins er



riðið net úr einhverju sterku garni, úr því liggja strengir niður með belgnum og í neðri enda þeirra er loptkugginn festur, það er allstór karfa, fléttuð úr því léttasta efni sem völ er á, það er bústaður loptfarans eða loptfaranna. Áður en ferðin er byrjuð eru ýmsir hlutir sem loptfararnir eru nauðsynlegir í ferðinni látnir í kugginn, svo sem sjónaukar og ýms náttúrufræðisleg áhöld, því en hafa loptfarir einungis verið farnar í þarfir náttúrufræðinnar og landafræðinnar Einnig er þar látinn nauðsynlegur vistaforði; ennfremur hafa þeir nokkuð af barlest, er það helst sandur eða annað því líkt sem ekki tekur mikið pláss. Þegar loptbáturinn er fullgjör og allt er til reiðu er leyst bönd þau er halda (~~[illegible]~~ honum og þar með er ferðin byrjuð. Sé nú logn líður

báturinn kemst upp frá þeim stað er
hann fór frá, fer hann fyrst með
talsverðum hraða, en smá hægir svo
ferðin, orsakast þessi minkandi
hraði af því að næst jörðinni
er loptþrýstingin mest; og kemur
það því einnig fram á loptbátnum
en eptir því sem lengra er farið út
frá jörðinni því minni verður lopt-
þrýstingin, því þá fer loptið að
þynnast og léttast, fer svo að lok-
um að báturinn kemst ekki
lengra upp, og er það nokkru
fyrr ef hann er staddur í svo
léttu loptslagi ... sem er jafn
létt því lopti sem er í belgnum,
því þyngi loptbátsins með öllu
því sem í honum er verkar
stöðugt í gagnstæða átt við það
sem loptþrýstingin flýtur, hann
verður þyngri alls þess sem í bátnum



er að hlýða þyngdar lögmálinu eða
aðdráttar aflinu.
Enn, þá mun ekki komist
lengra en 1½ míl danska frá yfir
borði jarðarinnar. Þegar loptfarann-
ir vilja lækka sig í loptinu þarf ekki
annað en taka lítið eitt í taug, sem
liggur frá speldi því á belgnum er áður umgetið
við það streymir nokkuð af gasinu
út úr belgnum, og hann lækkar
þegar tauginni er slept lýkst speld-
ið aptur af lopt þrýstingnum
utanað. En vilji loptfararnir aptur
hækka sig þarf ekki annað en kasta
út nokkru af barlestinni.
Við net það er viðið er utan um
efri part belgsins eru stundum
fest hin svo kölluðu fallhlíf: Hún
er þannig útbúin að úr jöðrum lopt sitts
dúks ~~er fest~~ ganga stórir strengir sem
svo allir eru festir á stóran hring

sem lagður er inni í körfuna eða
loptkegginn. Vilji nú einhver
lopt farinn hætta ferðinni og hverfa
aptur til jarðarinnar, þrífur hann
þá í hring þennan kastastar sér
út úr kegginum þá slitnar hið víð
band sem hélt fallhlífinni við
belginn steypist þá hlífin með geisi
hraða niður í gegnum geiminn
og maðurinn neðan í ~~hennar~~
dugir honum þá illa lopt hræðsla, en
geti hann að eins haldið sér við
hringinn og hræðist ei nógu mikið
kemur hann einungis hægt niður
á fæturnar, því eptir því sem
líður sem hlífin fer er lengri því
meiri mótspyrnu veitir loptið, þenur
því ~~lopti~~ hlífina meira og meira
út og dregur því úr hraðanum.
Til þess að komast aptur niður
á loptbátnum þarf ekki annað



en hleypa út miklu af gasinu út
úr belgnum. — Aðal ófullkom-
legleikinn við lopt bátinn en sem
komið er, er það að lopt farinn á
örðugt með að stjórna honum
eptir vilja sínum; verður hann að
mestu að hrekjast fyrir vindum og
getur því svo farið að ef hann
hreppir andviðri að hann fari
talsvert afvega, en enginn efi
er á því að hann bíður miklar
fullkomnunar í framtíðinni;
Eg hefi nú reynt eptir því sem
þekking mín hefir leyft að skýra
þetta mál, ef vera kynni að
þeim af lesendunum sjálf fara
sem áður hafa ekki átt ~~hafst~~ kost
á að kynna sér það geti ef til
vill orðið það til skemtunar
og fróðleiks.

J. B.

# Sparsemi, Nýtni og Hyrdusemi

þad er mjög áríðandi fyrir hvert
heimili, ad húsbændurnir sé bædi
sparsamir, nýtnir og hyrdusamir, því
þad er ásamt hvad ödru í þeirri
merkingu, ad þad heldur búinu ad
nokkru leyti vid, en þad munu ekki
vera mörg heimili sem þetta er allt
brúkad, ad spara allar útektir og
eydslu sem dregid getur út frá
búinu, en þó audvitad ekki svo ad
heimilid lídi vid þad á neinn hátt
~~þad hvernast~~ allir af fyrir utan
prjál sem menn þó eyda ærn-
um peningum í. Þetta þurftu
menn ekki hér fyrr á tímum
og komst þó altaf, og þá voru skuld-
irnar minni, og þá bygggu bændurnir
betur en þeir ~~gjöra~~ búa nú. Þar
af má sjá hvad madur lifir á prjáli
og óþarfa stássi. Mér finnst þad vera



~~nógi~~ nógilegt ad eiga einn gódann fatnad en
ganga ekki altaf í honum, þad er
lítid rád í því ad safna þessum mik-
lu fötum utan á sig og ganga þannig
fínni um mans (2.) stödu hafir ~~(hafir)~~. Eins
er þad ad eiga mikid af háls líni, þad
þarf ad stífa þad vid hverja brúkun
og þad er ekki svo lítid sem til þess
eydist af fínum manns ef slíkt er í
stórum stýl, og svo er med fleira
óþarfa stáss sem þjódin er farin
ad brúka svo mikid á seinni árum
þad er alveg nóg fyrir hvern almúga
mann ad eiga útskirfi (1 sett) af
háls líni og brúka þad ekki nema
í kirkju.
Svíta menn sem ekki þurfa ad
vera í þeirra búd ætti sem mest
ad minka kaffi eydsluna, hvad
erum vér sælli fyrir þad þó vér
séum altaf ad svelga þetta kaffi

afar í okkur, þegar við annars
höfum opt vökum aðra í þess stað
Hér finnst það allur numur með
tómthús- og þurrabúðar-fólk bæði í
kaupstöðum og víðar, sem hefir eptir
vil misjafnlega nota lýpt það í sinn
gengur þó það drekki kaffið, því það
hefir það, sem mann segja svo, að [illegible]
vel lýst fyrir mat, enda hlýtur hverj
einn að sjá að það gæti ekki lifað
án þess. — Einnig ættu menn sem
mest að reyna að kenna því fyrir
sig að ~~að~~ taka sem minnst af korn
matnum en brúka í þess stað
meira af kjötmat. Það er fullreynt
að kornmatur er mjög óhollur, og
varla mundi þjóðin vera eins heilsu
laus einsog hún er ef kornmatar-
kektin hefði ekki komist á eins
gífurlega hátt stig einsog hún
nú er komin. — Menn ættu



heldur að borða hrossin sín sem
seld eru út úr landinu á hverju
vori, það ~~er~~ er ekki neitt að
drepa hross þó þau séu ung enn
heldur en dregnar eru á
hverju ári, á hvaða aldri sem
þær eru. Það er einmitt vana
lýsti fyrir mönnum að vilja
ekki lóga hrossunum fyrr
en þau eru búinn að ganga sér
til húðar, það var numur þó að
hross væru látin lifa meðan
þau gátu áður fyrrum þegar
menn gátu eða vildu ekki hag-
nýta sér þau til manneldis
það varð bæði hunda og hrafna
matur. Hrossakjötið ~~ekki~~
er þó víst ekki ógeðslegra en
annað kjöt þó margir séu sem
hafa óbeit á því en hvað er að fara
eptir því þó einstaka menn

þykist ekki vilja vera þekktir fyrir
að borða hrossakjöt, svo mikið er
þó víst að krapt bezta fæðan er
það og flestir munu verða bæði
hraustir og heilsugóðir sem ~~bos~~ al-
ast upp á því.

Nýtni er ásamt því að spara.
það er auðvitað að þar sem nýtni
er ekki brúkuð þar er ekki held-
ur hægt að brúka <u>sparsemi</u>. þar
sem ekkert er nýtt (grotað), þar þarf alltaf
að kaupa, og þá dregst út frá búinu
að meira eða minna leyti. Hyrðusemi
má segja að sé þó nauðsynlegust, því
ef ekkert er hirt þá týnist allt og geng-
ur af sér, búshlutir fötin, fát melt-
ast o. s. frv. því þannig mætti telja
upp í það óendanlega. en þar sem
þessar reglur eru brúkaðar
er mjög ólíklegt að það heimili geti
ekki lifað fyrir sig

XVIIII + XI



# Eigingirni

Vegna þess að ég hefi bæði séð
og heyrt hvað ágirnd á sér víða stað
hjá fólki, þá langar mig til að fara
nokkrum orðum um þetta efni,
en það verður nú ekki merkilegt
fremur en annað sem eptir mig hefir
sjeðst. En þess vildi ég mælast til
að enginn misskildi þessar línur eða
taki að sér nátt af því sem í þeim
er einsog ætti sér stað með grein
sem ég sendi 2. tölublaði Fjallfara
það er á lít nátt á þessu efni að
hver sem þjáður er af þessari
tilhneigingu (eigingirninni) sé mjög
brjóstumkennanlegur. Ég segi
fyrir mig heldur vildi ég þjást af
einhverjum sjúkdómi, heldur enn að
vera eigingjarn eptir því áliti sem
ég hef á ~~x~~ henni; en það er nú ef til vill rangt

Eg ímynda mér að eigingirnin sé
hún er mikil se ein hver sá versti
löstur sem finna má í fari m-
mannsins. Þar lofti eg mér að kaka
undir með skáldinu og segja

Eigingjörð í útlegð hrjáð
er hún blind og galin
eitur kynd sem eður synd
ótalmyndum falin.

Við skulum hugsa okkur til dæm-
is tvo menn sem byggju báðir á
sömu jörð, hefðu sinn ~~partinn~~ helminginn
hver, ef þeir væru nú báðir mjög eigin-
gjarnir, mundu þeir þá ekki allopt
verða ósáttir, ekki síst ef jörðin væri
lítil og þröngt um þá, skyldi nú annar
beita í hins land til þess að hlífa sínu, en
þá yrði auðvitað óánægja af hins hálfu
og hann vildi ná sér niðri á hinum
sínum á einhvern hátt, til dæmis
að slá upp á hann eða borga honum



í sömu mynt, í staðinn fyrir ef
hvorugur væri eigingjarn þá kæmi
ekki til þessa eða því líks því
„þröngt mega sáttir sitja“ segir
máltækið.

Opt heyrum vér um það getið
í sögunum að menn áttu í ófriði
sín á milli sökum eigingirni sinnar
og opt gekk það svo langt að til bardaga
og blóðsúthellinga kom, enda misstu þá
margir lífið vegna eigingirni sinnar
eða yfir manna sinna; nú á tíma-
num má finna þess mörg dæmi úr
daglega lífinu að menn hafa ratað
í ógæfu og raunir fyrir ágirndina
það á sér einnig stað enn þá að menn
missa lífið fyrir hana svo tugum og
jafnvel hundruðum og þúsundum
skiptir, og þurfum vér ekki lengra
að fara en virða fyrir oss af hvaða
ástæðum ófriðurinn milli Breta

og Búa er sprottinn, það dýpst ristingar
sem kynt hefir sér þá mála vöxtu
að sé ófriðar stafa einungis af ágirnd
Bretastjórnar, á gull námunum í
Trans-vaal. af þessu líður ekki ein-
ungis fall hinna hraustu hermanna
sem offra lífi sínu af takmarkalausri
hlýðni við yfir boðara sína, heldur og
ýmsar hörmungar aðrar sem af standa
mun þessara þjóðar votta verða að þola
einkum vil ég þar til nefna munað-
ar lausar ekkjur með ef til vil mörg
börn, ósjálf bjarga elli hruma foreldra,
sem misst hafa sína á einn eða annan stað
og fleiri og fleiri t.d. að ýms aukin
útgjöld bætast á þjóðina auðvitað
inn hinn bláfanda sem áður átti fullt
erfitt að rísa undir hinni þungu
skatta álögu byrði, sem á hinn ríka.
Hvað skyldi leiða menn fá til glæpastigu
af svo sem til þjófnaðar ef ekki á-



girndin, því það er ekki ætíð þörfin
sem knýr þjófinn til að stela, svo
þeir geta ekki sagt annað hafst
er eftir einum manni sem sak-
aður var um þjófnað, "því lætur
mann skrattinn svona þar
sem mér bráð lá á þessu"! En
þá þykir mér ágirndin fara að
ganga nokkuð langt þegar hún
fer að leiða menn út í þjófnað
eða annað það er getur svipt þá
æru mannorði, og gæfu vel er það
ekki dæmalaust með þvílíka
menn er þeir verða uppvísir
og komast undir manna hendur
að þeim þá finnist lífið á hári lagt
og svipta sig því lífsins, sem er þó
hvað hið hryllilegasta sem menn
geta hugsað sér. — En það er nú ekki
þörf á þó ágirndin ríki meðal þjóð
anna því eftir því sem ekkert

er kent eum við allir af kommendur
hennar Evu sálugu. Heldur hafði
hún nú á gjörnd á ávöxtum skilnings-
trésins og svo mátti ætla að verið hafi
með fleira, en: Margt er líkt með
skyldum segir máltakið.

Á. B.

# Atvinnuvegir Íslendinga

Í 4. tölublaði Fjallfara birtist grein
með fyrirsögninni Mannfundir.
Höfundur greinarinnar getur þess
hvað mörg þing forfeður vorir hafi haldið
til að ráða nauðsynja mál sín, þetta
er alveg rétt hjá höfundi og get ég
ekki þess í þeim til gangi að fara
á nokkurn hátt að setja út á hann
heldur þvert á móti. En það var
annað sem ég vildi tala um og það



er: „hvað sýna þessi mörgu þing feðra vorra
okkur þau sýna okkur brennandi á-
huga manna á öllum velferðar málum þjóðar-
innar. En á hverju sést nú áhugi vor
þjóðar innar nú? hann er víst lítill
þjóðin virðist vera í einhverju móki
og ekki vita af hvað fram fer bæði ut-
an lands og innan. Til hvers eru
allir þessir pólitisku fundir og lýða
þing og annað því líkt? ~~þeir eru ha~~
Fundirnir eiga að vera til þess að ráða þar ýms
nauðsynja mál landsins og svo þingmenn
irnir geti heyrt stefnu og vilja kjósenda
sinna, en þar er reyndar ekkert fjör í
neinu á þeim all flestum (fundunum)
og þingmennirnir sjá ekki neinn áhuga
kjósenda sinna í neinu því fleiri fáu sem
mæta gjöra sér varla nokkurn tíma an-
nað til að segja nokkurn hlut. Það er
ekki von á að nýtt batni meðan þjóð-
in sjálf er þannig í huga laus um sel-

ferðsing. Þetta mun annars vera orðin
allangur formáli. og því best að fara að
snúa sér að að al efninu.

Það er einkum landbúnaðurinn sem
ég í þetta skifti vil taka til at-
hugunar og umræðu. Ég tel hann
fyrst vegna þess að ég á lít að það
hafi arðsamasti atvinnuvegurinn
þegar á alt er litið og hann er vel
stundaður, og öll skilyrði eru fyrir
hendi að hann geti þrifist, og hafa
framt er hann lang á reiðanlegastur
og þann stóra kost hefir hann fram
yfir sjáfar útveginn. En þrátt fyrir
það eru landbúnaðurinn alveg að
kollvarpast hér á landi því ekkert
hefir verið gjört til að reisa hann
við eða rétta honum hjálpar ~~hönd~~
en það ætti hann þó skilið, það þarf
að taka hér duglega í strenginn og
koma öflugum fótum undir
landbúnaðinn því annars getar



ekki Íslendingar lengur heitið
þjóð og verða ekki heldur þjóð því
þeir hljóta þá að drepast og flytja
burtu af landinu og þá rekur að því
sem einhver segir nýlega um Ísland
að það verður einungis fiskistöð
Englendinga eða annara útlendinga
því ef bænda stéttin eyðilegst sem
hingað til hefir borið megin ið af
öllum opinberum gjöldum hvar ætti
þá að taka öll~~ar~~ þau gjöld? Auðvitað
hlyti þeim mun snúa á sjáfar bóndann
en hefir hann ekki ~~nú~~ nóg á sinni
könnu samt?, jú, ~~og~~ en sumir
munu segja þá fjölgar sjómönn
unum ef landbændurnir hætta
allir að búa, getur verið að þeim
fjölgi en óvíst er það og það er álit
mitt að eitt munda þeir lifa betur
á sjáfar útvegnum eftir því sem
nú er í statt. Jæa setjum nú svo
að allir verði nú sjómenn og alt

gangi skaplega, meðan fiskur inn
er nægur en svo koma eitt eða tvö þri
aflaleysisár hvað gjöra menn þá. Eru
þeir búnir að draga svo saman frá
góðu árunum að þeir nú geti
lifað á því um nokkur ár þótt ekkert
aflist ætli það sé ekki minna um
það, ~~þeir~~ allmenn fara þá líklega að líta til
annara betri landa einsog vant
er þegar alt gengur ekki að óskum
í föðurlandinu.
Það verður þá það eina nauðsynlega
að rétta landbúnaðinn við á samt
sjáfar útvegnum því best fer á því
að þeir tveir atvinnu vegir fari hér
saman. En hver veit þá ráðin til
að rétta landbúnaðinn við? Það
er eg ekki færum að segja en þeir
hinir djúpvitru þingmenn ættu
nú að leggja hausinn í bleyti og upp-
finna ráð til þess, sem dugir.

Kolskeggur